

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 571/1996, um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfabjónustu.

1. gr.

Í stað núverandi 1. ml. 6. tl. 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi tveir málslíðir:

Kröfur á lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfabjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins, viðurkenndra fyrirtækja í verðbréfabjónustu utan Evrópska efnahagssvæðisins, skipulegra verðbréfamarkaða og viðurkenndra greiðsluþjónunarstöðva og kröfur með ábyrgð sömu aðila með lánstíma eftirstöðva að hámarki eitt ár. Kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir einu ári og allt að þremur árum má undanskilja að 80% hluta, en kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir þremur árum eða lengur má undanskilja að 50% hluta.

2. gr.

Í stað núverandi 1. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

Eigi sjaldnar en tvisvar á ári skulu lánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfabjónustu tilkynna bankaeftirlitinu, með þeim hætti sem það ákveður, um stórar áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila, sbr. ennfremur skilgreiningu á hugtakinu stórar áhættuskuldbindingar í 2. gr. þessarar reglugerðar.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 46. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, 5. mgr. 8. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 11. júlí 1997.

Finnur Ingólfsson.

Tryggvi Axelsson.

21. júlí 1997

Nr. 487

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu vegamálastjóra eru hér með gerðar eftirfarandi takmarkanir á umferð um Strákagöng á Siglufjarðarvegi:

1. Öll umferð reiðmanna er bönnuð nema fyrir liggi sérstök heimild lögreglustjóra og veggöng verði lokuð annarri umferð á meðan.
2. Rekstur búfjár er bannaður nema fyrir liggi sérstök heimild lögreglustjóra og veggöng verði lokuð annarri umferð á meðan á rekstri stendur.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. september 1997.

Sýslumaðurinn á Siglufirði, 21. júlí 1997.

Guðgeir Eyjólfsson.